




Framkvæmda- fréttir 4. tbl. /03



Auglýsingar útboða

Snæfellsnesvegur (54) um Kolgrafafjörð 02-019

Vegagerðin, Vesturlandsumdæmi, óskar eftir tilboðum í verkið Snæfellsnesvegur (54) um Kolgrafafjörð. Leggja skal nýjan veg og smíða brú yfir Kolgrafafjörð auk tenginga. Alls er lengd nýja kaflans um 7,3 km, þar af 230 m löng steipt eftirspennnt brú, um 530 m löng fylling í sjó og um 500 m löng fylling yfir lón (Hópið).

Verkið er boðið út á evrópska efnahagssvæðinu.

Helstu magntölur: Vegur og leiðigarðar: fyllingar 508.000 m³, neðra burðarlag 35.000 m³, efra burðarlag 12.000 m³, tvöföld klæðing 50.000 m², fláafleygar 20.000 m³, skeringar 115.000 m³, grjótvörn 60.500 m³, síulag 48.000 m³, vegrið 3.800 m. Brú: mót 4.500 m², steypustyrktarjárn 114,6 t, steypa 2.400 m³, spennit jarnalögn 59,5 t, vegrið á brú og fyllingu 536 m.

Verki skal vera að fullu lokið þann 1. október 2005.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni í Borgarnesi og í Borgartúni 7, Reykjavík (móttaka), frá og með mánudeginum 17. febrúar 2003. Verð útboðsgagna er 8.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 mánudaginn 10. mars 2003 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Fáskrúðsfjarðargöng, eftirlit 03-026

Vegagerðin, Austurlandsumdæmi, óskar eftir tilboðum í eftirlit með gerð Fáskrúðsfjarðarganga. Um er að ræða eftirlit með gerð 5,7 km langra jarðganga milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar, með byggingu á samtals um 8,5 km löngum vegi beggja vegna ganga og 200 m löngum steiptum vegskálum.

Framkvæmd verksins hefur verið boðin út í lokuðu útboði og verða tilboð í hana opnuð 17. febrúar 2003. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir hefjist vorið 2003 og að þeim ljúki haustið 2005.

Val bjóðanda í eftirlit fer fram á grundvelli hæfnivald og verðs og ber bjóðanda að leggja fram tilboð sitt í tveimur hlutum, þ.e. upplýsingar um hæfni bjóðanda og verðtilboð.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni á Reyðarfirði og í Borgartúni 7, Reykjavík (móttaka), frá og með mánudeginum 17. febrúar 2003. Verð útboðsgagna er 3.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 mánudaginn 10. mars 2003 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag og lesið upp hverjir hafa skilað inn tilboðum.

Síðari opunarfundur verður á sömu stöðum mánudaginn 17. mars 2003 kl. 14:15 þar sem lesnar verða upp einkunnir bjóðanda í hæfnimati og verðtilboð opnuð.


Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 4. tbl. 11. árg. nr. 326 17. feb. 2003

Ritstjórn og umsjón útgáfu:

Víktor Arnar Ingólfsson
Ábyrgðarmaður:
Gunnar Gunnarsson
Prentun: Gutenberg

Ósk um áskrift sendist til:
Vegagerðin
Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7
105 Reykjavík
(bréfsími 522 1109)
eða val@vegag.is

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsfrankvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttafæni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldslaus.



Auglýsingar útboða

Reykjanesbraut (41) gatnamót við Stekkjarbakka, eftirlit 03-035

Vegagerðin, Reykjanesumdæmi, óskar eftir tilboðum í eftirlit með gerð mislægra gatnamóta þar sem Stekkjarbakki – Smiðjuvegur þverar Reykjanesbraut.

Til verkframkvæmdarinnar telst gerð tveggja brúa á Stekkjarbakka yfir Reykjanesbraut, gerð göngubrúar yfir Reykjanesbraut, gerð undirganga undir Stekkjarbakka auk allrar vegagerðar, stígagerðar og landmótunar sem nauðsynleg er til að ljúka verkinu endanlega.

Framkvæmd verksins hefur verið boðin út og er gert ráð fyrir að umferð verði komin á allt mannvirkið 1. nóvember 2003 og að verkinu verði að fullu lokið 1. júlí 2004.

Val ráðgjafa fer fram á grundvelli hæfnivalds og verðs og ber bjóðanda að leggja fram tilboð sitt í tveimur hlutum, þ.e. upplýsingar um hæfni ráðgjafa og verðtilboð.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni, Borgartúni 7, 105 Reykjavík (móttaka), frá og með mánudeginum 17. febrúar 2003. Verð útboðsgagna er 3.000 kr.

Skila skal tilboðum á sama stað fyrir kl. 14:00 mánudaginn 3. mars 2003 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag og lesið upp hverjir hafa skilað inn tilboðum.

Síðari opunarfundur verður haldinn í Borgartúni 7, Reykjavík, mánudaginn 10. mars 2003 kl. 14:15 þar sem lesnar verða upp einkunnir bjóðenda í hæfnimati og verðtilboð opnuð.

Vestfjarðavegur (60), ræsi í Ausuá í Dýrafirði 02-074

Vegagerðin, Vestfjarðumdæmi, óskar eftir tilboðum í lögn 3 m stálplöturæsis í Ausuá í Dýrafirði ásamt tilheyrandi fyllingu, burðarlagi, og frágangi. Einnig breikkun Vestfjarðavegar neðan Bræðrabrekku á 160 m kafla ásamt endurnýjun rofvarnar.

Helstu magnþölur: lengd beggja kafla 200 m, fylling og fláafleygar 2.400 m³, rofvörn 400 m³, lengd stálplöturæsis 21 m.

Verkinu skal lokið eigi síðar en 15. júlí 2003.


Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni á Ísafirði og í Borgartúni 7, Reykjavík (móttaka), frá og með mánudeginum 17. febrúar 2003. Verð útboðsgagna er 1.500 kr.


Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 mánudaginn 3. mars 2003 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Ný vegur og brú um Kolgrafafjörð

Vegurinn sem nú er boðinn út er 7,3 km og liggur hæst í 40 m y.s. Vegarkaflinn nær frá slitlagsenda við Berserkseyri að slitlagsenda við Vindás. Breidd vegar verður 7,5 metrar með 6,3 metra breiðu bundnu slitlagi. Brú og fylling með grjótvörn verður byggð yfir Kolgrafafjörð. Brúin verður 230 m löng og fylling 530 m.

Nýr vegur stytir leiðina um norðanvert Snæfellsnes um 6,2 km og eykur mikið öryggi vegfarenda þar sem hæðarlega vegarins verður betri og jafnari og sviptivindar minni. Að loknum þessum framkvæmdum má líta svo á að norðanvert Snæfellsnes sé eitt samgöngusvæði og mun það styrkja byggðina verulega. Má nefna fyrirhugaðan framhaldsskóla í Grundarfirði sem mun þjóna öllum íbúum á svæðinu.








Kolgrafafjörður, myndir

Efst: Langsnið brúar og brúarstæðis. Brúin verður 230 m löng en til samanburðar má nefna að Borgarfjarðarbrú er 520 m.

Til hægri: Snið í yfirbyggingu brúar og brúarstöpull. Brúin er eftirspennit bitabré.

Niðri: Vegfylling og brú teiknuð inn á loftmynd sem er tekin í suður.

Neðst: Veglína, fyllingar og brú yfir Kolgrafafjörð.





Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar. Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdaedeildar. Þá er skammstöfun fyrir umdæmi Vegagerðarinnar: Sl:Suðurland, Rn:Reykjanes, V:Vesturland, Vf:Vestfirðir, N.v:Norðurland vestra, N.ey:Norðurland eystra, Au:Austurland. **Rautt númer = nýtt á lista**

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
03-001 Vf. Djúpvvegur (61), Kleifar - Hvítanes	03
03-002 Vf. Hólmavíkurvegur (67) um Kálfnaslæk	03
03-003 Vf. Strandavegur (643), Ásmundarnes - Sveinanes	03
02-100 N.v. Skagavegur (745) Skagastrandarvegur - Hafnaá 2003	03
03-020 Au. Jökulsá í Lóni, göngubrú	03
03-006 V. Bæjarsveitarvegur (513), Borgarfjarðarbraut - Laugarholt	03
03-021 Au. Yfirlagnir á Austurlandi 2003	03
03-010 Rn. Kjósarskarðsvegur (48) endurbygging. II. áfangi	03
02-103 N.v. Efnisvinnsla á Norðurlandi vestra 2003	03
03-019 Au. Hróarstunguvegur (925), Hallfreðarstaðir - Þórisvatn	03
03-022 Au. Styrkingar og mölburður á Austurlandi 2003	03
02-098 N.v. Vatnsnesvegur (711) Tjarnará - Þórsá 2003	03
02-102 N.v. Siglufjarðarvegur (76) um Hofsá 2003	03
02-101 N.v. Víðimýrarvegur (7681) - Löngumýrarvegur (7691) 2003	03
03-018 Au. Suðurfjarðavegur (96), Handarhald - Götuhjalli	03
02-015 Sl. Hringvegur (1), við Hellu	03
03-009 Rn. Reykjanesbraut (41), Fífuhvammsvegur - Vífilstaðavegur	03
03-008 V. Yfirlagnir á Vesturlandi 2003 - 2004	03
03-005 Vf. Efnisvinnsla á Vestfjörðum 2003	03
02-099 N.v. Fitjavegur (714) Ásland - Miðfjarðarvegur	03
01-016 Rn. Reykjanesbraut (41) í Hafnarfirði, Lækjargata - Ásbraut	03
03-012 Rn. Yfirlagnir Reykjanesi 2003, klæðing	03
03-017 Au. Norðfjarðarvegur (92), um Hólmaháls	03
03-015 Rn. Hringvegur (1), Víkurvegur - Skarhólabraut, hönnun	03
03-014 Rn. Hringvegur (1), vegamót við Nesbraut, hönnun	03
02-091 Áætlunarakstur á Suðurlandi og hluta Austurlands 2003 - 2005	03
02-014 Sl. Hringvegur (1), vega- og brúargerð við Skaftá	03
00-054 Rn. Hallsvegur (432), Fjallkonuvegur – Víkurvegur	03
01-018 Rn. Nesbraut (49), færsla Hringbrautar, hönnun	03
03-031 N.ey. Möðruvallavegur (813)	03
03-030 N.ey. Ólafsfjarðarvegur (82), brú á Ólafsfjarðarós	03
03-024 N.v. Yfirborðsmerkingar, sérmerkingar í Reykjanesumdæmi 2003-2004	03
03-025 N.v. Þverárfjallsvegur (744), Strandvegur á Sauðárkróki 2003	03
03-029 N.ey. Hafnarvegur Húsavík (859)	03
02-044 N.v. Siglufjarðarvegur (76), Gránugata - Tjarnargata á Siglufirði	02.03

Fyrirhuguð útboð, framhald	Auglýst:
03-004 Vf. Djúpvvegur (61), Þorskafjarðarvegur - Sóleyjarhvamur	02.03
03-005 Vf. Efnisvinnsla á Vestfjörðum 2003	02.03
03-023 N.v. Yfirborðsmerkingar með vegmálningu 2003-2004	02.03
03-028 N.ey. Aðaldalsvegur (845), Hringvegur - Lindarhlíð	02.03
Útboð sem hafa verið auglýst	Auglýst: Opnað:
02-019 V. Snæfellsnesvegur (54), um Kolgrafafjörð	17.02.03 10.03.03
02-074 Vf. Vestfjarðavegur (60), ræsi í Ausuá í Dýrafirði	17.02.03 03.03.03
03-035 Rn. Reykjanesbraut (41), gatnamót við Stekkjarbakka, eftirlit	17.02.03 03.03.03
03-026 Au. Fáskrúðsfjarðargöng, eftirlit	17.02.03 10.03.03
03-016 Rn. Reykjanesbraut (41), gatnamót við Stekkjarbakka	10.02.03 10.03.03
03-034 N.ey. Ólafsfjarðarvegur (82), niður- rekstrarstaurar fyrir Ólafsfjarðarós	10.02.03 24.02.03
03-027 V. Snæfellsnesvegur (54), um Kolgrafafjörð, niðurrekstrarstaurar	10.02.03 24.02.03
Útboð á samningaborði	Auglýst: Opnað:
02-104 Au. Hringvegur (1), Jökulsá á Breiðamerkursandi, rofvörn farvegar	20.01.03 03.02.03
02-096 Rn. Reykjanesbraut (41), breikkun Hvassahraun - Strandarheiði, eftirlit	25.11.02 06.01.03
Samningum lokið	Opnað: Samið:
02-097 Sl. Bræðratunguvegur (359), um Galtalæk <i>J.V.J. ehf., Hafnarfirði</i>	13.01.03 06.02.03

Rannsóknarverkefni á vegum Norræna vegtækisambandsins



Norræna vegtækisambandið (NRF) heldur stóra ráðstefnu, Via Nordica, fjórða hvert ár og verður sú næsta í Kaupmannahöfn dagana 7.-9. júní, árið 2004.

Þar er fjallað um hina ýmsu þætti vegagerðar og gert ráð fyrir að ráðstefnugestir verði um þúsund.

Norræna vegtækisambandið var stofnað 1935. Á vegum sambandsins starfa 16 nefndir og fjöldi þeirra sem taka þátt í nefndarstörfunum er um 600. Nefndirnar eru skipaðar til fjögurra ára í senn og lýkur skipunartíma þeirra með ráðstefnu þar sem m.a. er greint frá störfum nefndanna.

Nú hefur stjórn NRF ákveðið í tilefni Via Nordica 2004 að efna til samkeppni um rannsóknarverkefni sem á að fjalla um fólk og hreyfanleika. Þátttaka er heimil öllum yngri en 35 ára. Veitt verða verðlaun fyrir besta rannsóknarverkefnið að upphæð 25.000 d.kr. og vinningshafanum boðið á ráðstefnuna, m.a. til að gera grein fyrir rannsóknnum sínum. Nánari upplýsingar um samkeppnina er að finna á heimasíðu NRF, www.nvfnorden.org.
www.nvfnorden.org/document.asp?page=document&objno=70173

Einnig gefur undirritaður nánari upplýsingar um tilhögun samkeppninnar, rj@vegagerdin.is.

*Rögnvaldur Jónsson
ritari Íslandsdeildar
Norræna vegtækisambandsins*